

**Friðbert Traustason,  
hagfræðingur og stjórnarformaður LB.**

## **Hver á lífeyrissjóðinn MINN?**

Það var mikið gæfuspor þegar verkalýðsfélög og atvinnurekendur sömdu í kjarasamningum árið 1969 um stofnun lífeyrissjóða fyrir alla landsmenn á vinnumarkaði. Fram að þeim tíma voru fáir lífeyrissjóðir starfandi, nær eingöngu sjóðir opinberra starfsmanna og bankamanna. Ég kys því að tala um lífeyrissjóðina eftir 1969, hverjir eiga þá og þá miklu sjóðasöfnun, sem þeir hafa staðið fyrir, eigendum sjóðanna til hagsbóta í ellinni eða í áföllum þegar tekjur minnka vegna skertrar starfsorku.

### **Eign hvers og eins.**

Í dag eru eignir íslensku lífeyrissjóðanna metnar á um 1200 milljarða króna. Sjóðfélagar með réttindi í sjóðunum eru rúmlega 200 þúsund þannig að meðaleign hvers og eins er um 6 milljónir króna, sem varla telst há upphæð. Allir sjóðfélagar almennu lífeyrissjóðanna hafa frá árinu 1970 lagt 10% af launinum sínum til að tryggja sér og sínum betri hag á seinni hluta ævinnar. Sjóðirnir eru alfarið byggðir upp með þessum iðgjöldum og því eiga engir aðrir en þeir sem greitt hafa 10% iðgjöldin tilkall til eigna lífeyrissjóðanna. Með aðild að sjóðunum tryggja sjóðfélagar ekki eingöngu eftirlaun sín þegar þeir hætta á vinnumarkaði, heldur einnig bætur vegna hugsanlegrar skerðingar á starfsorku, makalífeyri fyrir eftirlifandi maka og barnalífeyri fyrir börnin.

### **Hækkun skatta?**

Lífeyrissjóðirnir hafa því margþættu hlutverki að gegna og ljóst að stofnun þeirra og sjóðasöfnun hefur gert okkur kleyft að lækka tekjusakttu, þar sem lífeyrissjóðirnir eru að taka yfir hlutverk Tryggingastofnunar við greiðslu eftirlauna. Flestar þjóðir í Evrópu og reyndar einnig Ameríku og Asíu standa hins vegar frammi fyrir því vandamáli að sífellt færri starfandi á vinnumarkaði verða að bera uppi tekjutryggingu eldri borgara. Eina ráð þeirra er að hækka skatta.

### **Ávöxtun sjóðanna**

Á árunum 1970 til 1980 brunnu eignir lífeyrissjóðanna á verðbólguþálinu, rétt eins og aðrar eignir landsmanna hjá innlánsstofnunum. Þannig var og er verðtryggingin, sem Óli Jó hannaði á eldhúsborðinu, ein aðal ástæða þess að lífeyrissjóðirnir standa jafn sterkir í dag og raun ber vitni. Í seinni tíð hafa stjórnir sjóðanna og starfsmenn þeirra unnið hörðum höndum og af mikilli fagmennsku, að því að tryggja sjóðunum góða, en umfram allt örugga ávöxtun. Eignasafn sjóðanna samanstendur af verðtryggðum eignum með ríkisábyrgð, öruggum skuldabréfum útgefnum af sveitarfélögum og stórfyrirtækjum, sjóðfélagalánum með tryggingu í íbúðarhúsnæði og um 20% í hlutabréfum innlendum og erlendum. Þessi samsetning hefur gefið eigendum sjóðanna góða ávöxtun, sem í mörgum tilfellum hefur leitt til enn betri réttinda.

### **Margir vilja eigna sér sjóðina**

Ég ítreka hér að einungis þeir sem hafa greitt a.m.k. 10% af launum sínum í lífeyrissjóð undanfarin ár eiga þessa 1200 milljarða, engir aðrir. Þess vegna er nauðsynlegt að stöðva þá umræðu að lífeyrissjóðir skuldi samfélaginu eitthvað, t.d. hjúkrunarheimili, elliheimili eða það annað sem ríkinu ber að leggja okkur til, fyrir skattgreiðslur okkar til samfélagsins. Að sjálfsgöðu eru lífeyrissjóðirnir tilbúnir að lána fé til uppbyggingar hjúkrunar- og elliheimila. Það hefur legið fyrir í mörg ár, m.a. með bréfi frá Landssamtökum lífeyrissjóða til félagsmálaráðherra 2002. Eina sem sjóðirnir verða að tryggja er að af slíku lánsfé séu greiddir sambærilegir vextir og sjóðirnir fá af öðrum ríkistrygðum bréfum, svo sem íbúðabréfum Íbúðalánasjóðs.

### **Tekjutengingar ellilífeyris TR og skerðingar**

Er það eðlilegt að Íslendingur sem hefur í 35 ár greitt 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs skuli einungis fá grunnlífeyri (ca. 20 þúsund kr.) frá TR, en sá sem aldrei lagði inn í lífeyrissjóð fær tekjutryggingu, tekjutryggingaauka osfrv. frá TR, sem gerir hann oft jafnstæðan þeim er lagði 10% af launinum inn til lífeyrissjóðsins? Er þetta hvetjandi eða letjandi? Reyndar er greiðsla í samtryggingu lífeyrissjóða lagabundin, en það tryggði ekki lífeyrisaðild allra landsmanna fyrr en með Lögum um lífeyrissjóði árið 1997. Margir einyrkjar lögðu ekki inn í lífeyrissjóð fyrr en 1997 og eiga því ekki rétt þar á við þá sem byrjuðu 1969. En nokkrir þeirra eru alveg bit á því að eignir annara í lífeyrissjóðum landsmanna skuli ekki notaðar til að bæta hag þeirra, sem lítið sem ekkert hafa lagt inn til sjóðanna og eiga þar af leiðandi ekki þetta fé. Ég læt lesendur um að finna nöfn þeirra sem mest gagnrýna lífeyrissjóði landsmanna. Vissulega eru þessir einstaklingar áberandi og vinsælir í umræðunni, fjölmiðlar flagga oft þeirra málflutningi sem staðreyndum, en því miður fara þessir aðilar oft en ekki með rangt mál.

### **Söfnun lífeyris**

Í dag leggja allir launamenn iðgjöld til samtryggingarsjóða lífeyrissjóðanna og einnig í séreignarsjóði, sem eru lausir til úttektar við 60 ára aldurinn. Kerfið okkar er vel upp byggt og fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Stöndum því vörð um íslenska lífeyrissjóði og leyfum ekki fáum einstaklingum að rífa niður mikilvægt hlutverk þeirra við að bæta kjör þjóðarinnar til framtíðar.

**Greinin birtist í Morgunblaðinu 12. september 2006**